

Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá til Krakár.


Unnið fyrir Vegagerðina



Margrét Hallmundsdóttir

NV nr. 17-20

Desember 2020

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA Fornleifadeild		Dagsetning Mán/ár: 1.12.2020
Skýrsla nr:17-20	Verknúmer:201	Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Upplag:5	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna endurbyggingar á Gufudalsvegi frá Gufudalsá að Kraká		Unnið fyrir: Vegagerðina
Höfundur: Margrét Hallmundsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning á 6.6 km vegkafla frá Gufudalsá að Kraká í Gufufirði. Skráningin náði 100 m út frá miðju vegar í báðar áttir. Vegurinn liggur í gengn um land tveggja jarða Skálanes og Hofstaða.		
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: HBA

EFNISYFIRLIT

Útdráttur	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Markmið og aðferðir	5
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Aðferðafræði	6
Hofstaðir	7
Saga	7
Fornleifaskráning Hofstaðir	7
Skálanes	22
Niðurstöður	26
Heimildaskrá	29
Kort	31

Inngangur

Að beiðni Reynis Óla Þorsteinssonar hjá Vegagerðinni var farið þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að farið yrði í Gufufjörð og athugað með fornleifar vegna endurbygginga á Gufudalsvegi, á 6,6 km milli Krakár og Gufudalsár. Unnið er að því að endurnýja ræsi og lagfæra núverandi veg auk færslu vegar á 138 m kafla á Melanesi þar sem hann mun tengjast nýjum vegi frá Bjarkalundi. Vettvangsvinna fór fram dagana 18-19.nóvember 2020 og var gerð af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi, sem jafnframt sá um skýrsluskrif. Vegna misskilnings var hluti þess svæðis, þar sem framkvæmdir standa nú yfir, ekki skráð áður en framkvæmdirnar hófust. Úr því var bætt snögglega og öll veglínan þar sem framkvæmdir fara fram skoðuð í nóvember 2020. Fornleifaskráning var gerð af Náttúrustofu Vestfjarða árið 2016¹ en þá voru skoðaðar tillögur af nokkrum veglínunum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýjan veg frá Bjarkalundi að Skálanesi. Sú rannsókn náði ekki yfir allt svæðið, sem er hluti af endurbótum á Gufudalsvegi [2020], því veglína D2 sem var ein af mögum könnuðum veglínunum, þveraði Gufufjörð og vantaði því alla jörðina Hofstaði.

Framkvæmdir við Gufudalsveg voru hafnar þegar fornleifafræðingur Náttúrustofnunar var kvaddur til. Ábending hafið borist til Minjastofnunar í sambandi við framkvæmdirnar og fór skýrsluhöfundur á svæðið daginn eftir. Skráðar voru minjar innan 100 m beggja vegna Gufudalsvegar þar sem framkvæmdir standa yfir.

1 Náttúrustofa Vestfjarða. 2016. Fornleifaskráning vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi.

Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögini eigi að tryggja eftir

föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögini að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.“ Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12. gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24. gr.).“ Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Verkefnið var skráð í vefsíðu Minjastofnunar og fékk númerið 2552 og hafa veglínur verið teiknaðar inn í gangagrunninn. Skrá yfir fornleifar númerin eru úr kortasíðu Minjastofnunar sem úthlutar hverju verkefni númer um leið og svæðið er afmarkað í gagnagrunninn. Þetta verkefni fékk númerið 2552 og svo eru hlaupanda númer þannig að fyrsta númerið verður 2552-1 og svo framvegis. Hafi minjar verið skráðar áður er það númer fyrir neðan.

HOFSTAÐIR

Saga

Árið 1397 segir í Vilchinsbók. "Kirkia j Gufudal er helgud Gudi oc worri frv. Og hinum helga krossi. Hun á allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognum og giædum. Skog æ Melanesi med Hofstodum og allann skog fra Geithusgile og vpp ad Miallgile. Manadarbeit i Brekkuland." [1491-1518]² Máldagi Gufudalskirkju. "Kyrkia j gufudal a allt heimaland oc hofstade med ollum gognum oc giædum. Skog a melanese med hofstodum og allann skog fra geithusgile og upp ad miallgile." ³[1710] "Hofstder. Hjáleiga af staðnum, bygð í úthögum fyrir manna minni." ⁴Árið 1918 er stærð túns: 1.8 ha. Kálg. 360 fermetrar.⁵

Fornleifaskráning Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-001

Eldra Númer: BA-57: 001

Hlutverk: Býli

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A: 342097 N: 565426

Staðhættir: "Um mitt túnið er hóll, er nefnist Fjánhúsahóll. Skammt norðan hólins og að Litlalæk er gróinn malarhryggur, sem nefnist Járnhaus. Rétt við hann og neðan Fjánhúshóls, eru tóftir, sem álitnið er, að séu fornar hoftóftir. Sést greinilega fyrir þeim. Utan við Fjánhúsahól er stór flöt, sem Bæjarflöt er nefnd; upp af henni og ofan fjárhúsa er svo *bæjarstæðið*. Þar skammt frá er fjósið." ⁶Eftirfarandi lýsing er á síðasta torfbænum á Hofstöðum í ævisögu Hallbjörns Oddsonar.

„ Baðstofna þar, er við komum þangað, mun hafa verið 4 stafgólf á lengd og 4 og hálf alin á breidd, hálf portbyggð, en hinn parturinn á bálki, eins og margar baðstofur veru hjá leiguliðum á þeim tíma. Hún var að innan með langböndum á sperrum og skógarröfum á þeim undir álnar þykku vallgrónu torfbaki. Á portbyggðu stafgólfunum var spónn eða reisifjöl, svokölluð, en það voru hálf

² Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn 103-1907: 153

³Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn .VIII.1909-1907: 77

⁴ Jarðabók Árnar Pálssonar og Páls Vívalín VI, 1921:225

⁵ Túnakort Hofstaða

⁶ Örnefnaskrá Hofstaða

tommu þykkir borðflatningar, er negldir voru á langböndin á milli sperranna, og lágu þeir upp og ofna eftir allri síðunni, til þrifnaðar og prýðis. En lega gátu þeir ekki hindrað á milli borðanna sem voru óplægð. Strax á fyrsta ári byggði farið minn upp baðstofuna og snéri henni svo, að þilið með sexrúða glugga vissi fram á hlaðið, og var hún sex starfgólf á lengd og 5 álna breið, öll undir skarsúð af hálsannarar tomnu borðum og þiljuð að innan með slettum valborðum, því panel var þá ekki orðin almenn verzlunarvara. Má nærri geta, hve seinlegt verk þetta hefir verið, og um leið erfitt“⁷

Á nokkra áratuga gamalli loftmynd frá um 1970-1980 má sjá að fleiri hús á jörðinni. Eitt er framan við núverandi hús og annað stærra lengra til N-A. Á Túnakorti frá 1918 sést torbærinn, kálgarður og útihús. Gamli bærinn hefur staðið framan við núverandi hús sem enn standur. Í ritgerð sem Guðrún Ásta Tryggvadóttir skrifaði um langömmu sína og langafa sem bjuggu á Hofstöðum segir:

„Ég ætla að skrifa um langafa minn og langömmu, þau hétu Þórður og Jónfríður og þau voru bæði vinnufólk. Þau kynntust þegar þau voru bæði að vinna á sama bæ. Með tímanum urðu þau auðvitað ástfangin og þau byrjuðu að spara hvern einasta eyri sem þau fengu svo þau gætu keypt sér jörð og gifst. Að lokum höfðu þau safnað saman nógu miklu fé til að geta keypt sér lítinn bæ sem hét Hofstaðir í Gufudalssveit, Barðastrandarsýslu. Þá gátu þau hafið eigin búskap og gengið í það heilaga. Á næstu árum eignaðast þau fjórar dætur, Guðrúnu, Rebekku, Nönnu og Maríu. Þau eignuðust reyndar líka einn son en hann fæddist andvana[...]Þegar Þórður og Jónfríður fluttu að Hofstöðum voru öll húsin úr torfi og grjóti en með tímanum höfðu þau efni á að betrun bæta íbúðarhúsið, langafi keypti timbur og byggði sjálfur nýtt hús, sem var lítið en fallett, síðan var það klætt með bárujárni til að verja það sem best fyrir íslenskum veðráttunni.“⁸

Minjalýsing: Í dag stendur á bæjarhólnum síðasta íbúðarhúsið á Hofstöðum sem er eyðibýli. Húsið er lítið en á tveim hæðum. Við hlið þess er annað hús úr timbri sem er tvö herbergi og eru veggir einangraðir úr torfi. Húsið er byggt inn í grjóthlaðna vegg. Húsið er hrunið að hluta. Þar við hliðina er kamar. Lítið timburhús stendur svo þar nærri. Þetta eru einu húsin sem standa í dag [2020] á jörðinni. Mjög greinilegur bæjarhóll er á Hofstöðum og sem stendur hærra í túninu. Samkvæmt túnakorti hefur gamli bærinn staðið framan við íbúðarhúsið sem enn stendur á Hofstöðum eða 7 m vestur af húsinu. Gamli bærinn hefur verið, samkvæmt túnakorti 10 m á lengd og 35 á breidd.

Bæjarhóllinn er mjög stórþýfður en um hann allan má greina merki eldri bygginga.

Hættumat: Engin hætta. Ytri mörk bæjarhóls eru í 62 m fjarlægð frá vegfyllingum.

⁷ Ársrit sögufélags Ísfirðinga 2. Árg. 1957:144-145

⁸ Guðrún Ásta Tryggvadóttir. 2003. http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/mulasel_hraunhreppi/ritgerd.htm



Mynd 1. Tún Hofstaða með túnakorti frá 1918 sem sýnir hvar hús stóðu þá.



Mynd 2. Mynd tekin úr dróna við vettvangsrannsókn sem sýnir tún Hofstaða. Eldri hús stóðu framan við húsið og sé móta fyrir þeim. Hesthús[002] og upphlaðin vegur [009] greinilega á myndinni

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-002


Eldra Númer: BA-57: 005

Hlutverk: Hesthús


Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342065 N: 565402

Staðhættir: "Í túninu upp af bænum er hæð og kallast *Hesthúshóll*; um 60 m norðan hans er smálægð. Þar í stendur brunnhús, og eru þar upptök Litlalæks." ⁹



Minjalýsing: Hesthúsið stendur 23 m frá veginum. Það er tvö hólf annað snýr í N-S og er lengra og til hliðar við það og innangengt á milli er annað rými. Dyr eru í suður. Húsið stendur á hól sem líklega er tilkomin vegna þess að hús hafa staðið þarna í langan tíma. Húsið er 12 m á lengd og 12 m á breidd. Hæð á veggjum er hæst um 60 cm og sér vel í grjót.



Mynd 4. Hleðslur hesthússins



Mynd 3. Afstaða hesthússins við íbúðarhús og veg.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-003

Eldra Númer: BA-57: 018

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 342076 N: 565439

Staðhættir: Í norðvestur frá bæjarstæðinu, í u.þ.b. 15 metra fjarlægð er ógreinileg tóft,


Minjalýsing:

Tóftin er líklega gömul og er ógreinileg. Hún er 18 m á lengd og 12 m á breidd og hæð um 15 cm þar sem hæst er.

Hættumat: Lítil hætta. Rústin er 37 m frá vegfyllingum.



Mynd 5. Sokkin rúst í túni Hofstaða.



Teikning 2. Teikning af rúst 003

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-004

Eldra Númer: BA-57: 020

Hlutverk: Túngarður


Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 342073 N: 565348

Staðhættir: Suður af bæjarstæðinu er grjóthlaðinn túngarður. Garðurinn liggur frá þjóðvegnum í vesturátt í u.þ.b. 40 metra.

Minjalýsing: Garðurinn er ógróinn og er um 50 cm þar sem hann er hæstur og 40 m langur.

Hættumat: Mikil hætta þarf leyfi til að raska um 1 m af garðinum.



Mynd 6. Túngarður á Hofstöðum liggur frá vegi og niður að heimkeyrslu

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-005

Eldra Númer: BA-57: 002

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342135 N: 565465

Staðhættir "Um mitt túnið er hóll, er nefnist *Fjánhúsahóll*. Skammt norðan hólsins og að Litlalæk er gróinn malarhryggur, sem nefnist Járnhaus. Rétt við hann og neðan Fjánhúshóls, eru tóftir, sem álitíð er, að séu fornar hoftóftir. Sést greinilega fyrir þeim. Utan við Fjánhúsahól er stór flöt, sem Bæjarflöt er nefnd; upp af henni og ofan fjárhúsa er svo bæjarstæðið. Þar skammt frá er fjósið."¹⁰

Minjalýsing: Fjánhúsið er horfið en það sér móta fyrir staðsetningu þess á loftmyndum. Fjánhúsið er teiknað á túnakort frá 1918¹¹. Húsið hefur verið 6 m á breidd og 16 m á lengd.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-006

Eldra Númer: BA-57: 003

Hlutverk: Hof

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 342144 N: 565513

Staðhættir: "Um mitt túnið er hóll, er nefnist Fjánhúsahóll. Skammt norðan hólsins og að Litlalæk er gróinn malarhryggur, sem nefnist Járnhaus. Rétt við hann og neðan Fjánhúshóls, eru tóftir, sem álitíð er, að séu fornar *hoftóftir*. Sést greinilega fyrir þeim. Utan við Fjánhúsahól er stór flöt, sem Bæjarflöt er nefnd; upp af henni og ofan fjárhúsa er svo bæjarstæðið. Þar skammt frá er fjósið."¹²



Mynd 7. Rauða örin bendir á rústina af hinum meinta hofi.

10 Örnefnaskrá Hofstaða

11 Túnakort Hofstaða


12 Örnefnaskrá Hofstaða

Minjalýsing: Rústin er greinileg upphækkun í túninu og eru lágar grónar hleðslur greinilegar. Rústin sést líka vel á loftmynd sem tekin er um sumar og þar er hún mikið grænni enn umhverfið í kring. Rústin er 15 m á lengd og 6 m á breidd og er ílöng. Rústin ber merki þess að vera mjög gömul. Ekki verður fullyrt hvort um hof sé að ræða en alveg eins líklegt að þarna sé skáli eða fjós.

Hættumat: Engin hætta.



Mynd 8. Punktalínan afmarkar rústina af hinu meinta hofi.



Teikning 3. Teikning af rústinni

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-007

Eldra Númer: BA-57: 004

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342140 N: 565433

Staðhættir: "Um mitt túnið er hóll, er nefnist Fjánhúsahóll. Skammt norðan hólsins og að Litlalæk er gróinn malarhryggur, sem nefnist Járnhaus. Rétt við hann og neðan Fjánhúshóls, eru tóftir, sem álitid er, að séu fornar hoftóftir. Sést greinilega fyrir þeim. Utan við Fjánhúsahól er stór flöt, sem Bæjarflöt er nefnd; upp af henni og ofan fjárhúsa er svo bæjarstæðið. Þar skammt frá er fjósið." ¹³

Minjalýsing: Fjósið er horfið og hús á Bæjarflötinni hefur verið sléttuð. Fjósið var teiknað inn á túnakort frá 1918. Samkvæmt því hefur það verið 32 m á lengd og 6 m á breidd.

Hættumat: Engin hætta

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-008

Eldra Númer: BA-57: 015

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342123 N: 565434

Staðhættir: Á túnakorti frá 1918 er sagt að kálgarður sé á jörðinni sem er 36 fermetrar. Ekki er hann aðgreindur frá húsunum en er líklega teiknaður framan við bæjarhúsin. Annar kálgarður er suður af bæjarhólnum enn hann er ekki gamall og tilheyrir líklega síðustu íbúunum á Hofstöðum og mögulega hafa verið settar niður kartöflur þar á þessari öld, eftir að bærinn fer í eyði.

Hættumat: Engin hætta

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-009

Hlutverk: Vegur/tröð

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 342157 N: 565223

Staðhættir: Gamall upphlaðin vegur liggur frá þjóveginum og að bæjarstæðinu.

Minjalýsing: Vegurinn er nokkuð veglegur og verið mikið mannvirki og er hann nokkuð mikið upphlaðin á sumum stöðum. Hann er um 2.5 m á breidd en þó er breidd hans misjöfn. Vegurinn er alveg gróinn í dag. Lengd hans er 44 m. Annar og yngri bílvegur hefur svo verið lagður nær bænum síðar.

Hættumat: Mikil hætta þarf leyfi til að raska um 1-2 m af veginum.



Mynd 9. Gróin upphlaðin vegur heim að Hofstöðum

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-010

Hlutverk: Varnargarðar/rétt ?


Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 341970 N: 565445

Staðhættir: Fast við þjóðvegin við fjallið má greina garðlag í boga. Er eins og tveir garðar krossast þar.

Minjalýsing: Garðarnir eru frá 2-4 m á breidd og grasivaxnir og sjást þeir vel á loftmyndum: Þeir eru 70 og 82 m á lengd og gætu verið hlut af nátthaga sem gæti hafa skemmt þegar vegurinn var gerður um 1950. En það er bara ágiskun. Hlutverk þeirra er á huldu sem og hvort um fornleifar sé að ræða.

Hættumat: Mikil hættu. Þarf leyfi til að raska um 1 m af öðrum garðinum.



Mynd 10. Möguleg garðlög ofan við þjóveginn við Hofstaði.



Mynd 11. Skjáskot af loftmynd þar sem garðlögin sjást vel.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-011

Eldra Númer: BA-57: 008

Sérheiti: Eileifssel/Eilífssel

Hlutverk: Býli/sel/fjánhús

Tegund: Heimild/rúst

Staðsetning: A: 342177 N: 563817

Staðhættir: "Nú höldum við inn (norður) hlíðina frá landamerkjum Hofstaða og Skálaness, og höfum nú svæðið frá bakkabrún að þjóðvegi, en hann liggur fram með hlíðarrótum. Skammt frá þjóðvegi og landamerkjum eru fornar tóftir, er nefnast Eyleifssel (Eilífssel, sumir nefna svo, held þó, að hér sé um latmælsku að ræða). eru tóftir þessar mjög greinilegar og sjáanlega um fjánhús að ræða." ¹⁴Í ævisögu Hallbjörns Oddsonar segir

14 Örnefnaskrá Hofstaða

„Fyrir neðan Flárnar er Eileifssel, gamalt eyðibýli, sem á að hafa farið í auðn í Svartadauða. Tún hefir verið þar talsvert, og eru bæjartóftirnar yst á því, að mestu sokknar í jörð, en sjást þó vel“¹⁵ Heimildir greina frá því að þarna hafi verið bæjarstæði sem hafi farið í eyði í Stórubólu en líklegt er að það hafi síðar verið nýtt sem sel og þannig hafi seljanafnið bæst við. Túnið í kring er grasgefið.

Minjalýsing: Greinilegt er að vegurinn var lagður yfir rústirnar þegar hann var lagður um 1950 en hluti þeirra er greinilegur, allavega ein bygging á gömlum loftmyndum sem teknar eru eftir að vegur var lagður. Ábending kom frá fornleifafræðing sem býr á svæðinu að framkvæmdir væru hafnar þar sem rústirnar eru. Fór fornleifafræðingur Náttúrustofnunar á svæðið. Þarna hafði nokkrum dögum fyrr unnið við ræsi og fyllingar sem hefur aðeins hefur farið yfir hluta af þeim rústum sem ekki fóru undir veginn 1950. Þó má enn greina hluta af rústahólnum og var hann merktur og afgirtur. Rústin sem sést undan veginum er 6 m á lengd og 6 m á breidd. Hæð hleðslu er um 10-20 cm. Um 4x5 m eru óraskað af rústinni.

Hættumat: Mikil hætta



Mynd 13. Mynd tekin úr dróna þar sem afmarkað hefur verið hús sem tilheyrir þessum rústum. Hin punktalínan er afmörkum svæðis sem virðist vera hluti af hólnum sem fór undir vel.




Mynd 12. Hér má sjá rústina sem kemur undan veginum og hvernig núverandi vegbætur leggjast ofna á hluta hennar.

15 Ársrit sögufélags Ísfirðinga..1957:149 „Ævisaga Hallbjörns Edvarðs Oddssonar“



Mynd 14. Skjáskot af loftmynd frá 1999 sem sýnir greinilega rústina.



Teikning 4. Teikning af rúst 011 og hvernig vegbætur fóru yfir hluta af rústinni.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-012

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Mögulega rúst

Staðsetning: A: 342186 N: 563844

Staðhættir: Um 27 m norður af rúst[011] er mögulega önnur rúst. Hún er 14 m frá vegi. Á drónamynd má mögulega greina aðra rúst aðeins fjær en hún sést ekki vel á yfirborði girðing liggur yfir hana Hún er virðist ekki í hættu þar sem framkvæmdum er lokið. Hinsvegar er algjörlega óvíst hvort að um rúst sé að ræða en merki var sett á girðingu þar sem hún liggur yfir hina meintu rúst



Mynd 15. Drónamynd sem sýnir mögulega rúst sem teiknað hefur verið utan um.

Minjalýsing: Rústin virðist vera sporöskjulaga og hleðslur lágar. Lengd 14 m og breidd 6 m. Ef um rúst er að ræða er hún mjög forn.

Hættumat: Hætta. Rústin var merkt og samkvæmt teikningum fer ekkert yfir rústina.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-013

Hlutverk: Garðlag


Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 342151 N: 563800

Staðhættir: Ofan við vegin virðist vera gamalt garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er um 2 m á breidd og nokkuð útflattur. Hann er gróinn og um 12 m á lengd. Garðurinn virðist mjög gamall og gæti hafa tilheyrð Eilífsseli.

Hættumat: Garðurinn hefur verið rofin um 1950. Slapp við skemmdir við framkvæmdir 2020.



Mynd 16. Mynd af garðlaginu.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-014

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 342189 N: 563758

Staðhættir: Neðan vegar um Gufufjörð er garðlag. Mögulega er um að ræða garð sem hefur verið hlaðinn undir girðingu sem er ofan á honum í dag.

Minjalýsing: Girðing stendur ofna á hluta garðsins sem er nokkuð útflattur og virðist svo hverfa í kjarr. Garðurinn mældist 43 m. Hann liggur A-V. Virðist ekki vera gamall.

Hættumat: Er neðan við vegframkvæmdir 2020.

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-015


Eldra Númer: BA-57: 011

Hlutverk: Rétt


Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342200 N: 564924

Staðhættir: "Utan við Ytragilið rétt ofan við Þjóðveg og út að Hólum, er grasi gróið, allstórt svæði. Nefnist það Bekkur. Á þessum bekk innst (norðast) er mjög stór steinn, nefndur Nuddur (við hann stóðu oft skepnur). Utan við Bekkinn eru svo Hólar. Efst á þeim og yst er allstór grjótrétt, og önnur minni í einu horni hennar. Þetta nefnist Stekkur. Utan við Hól er svo efsti hluti Stekkjarmýrar." ¹⁶ Í ævisögu Hallbjörns Oddsonar segir „Stekkjahólarnir minnir mig, að væru fjórir þeir ná í frá fjallróstum næstum niður á bakka og voru með djúpum lágum á milli, eru voru oftast mjög vel vaxnar töðugresi. Þeir voru í laginu líkastir haföldum í sjó, einum er vindur fór yfir þá vel sprotna. Í hallanum á ysta hólum var svo stekkurinn og tún hans upp við fjallsræturnar með lambakró við, og var stíað frá ánum á hverju voru, eftir að lömbin voru viku gömul, þar til fært var frá“ ¹⁷



Mynd 17. Stekkurinn við stekkjahóla



Teikning 5. Teikning af stekknunum

¹⁶ Örnefnaskrá Hofstaða

¹⁷ Ársrit sögufélags Ísfirðinga 2. Árg. 1957:145

Minjalýsing: Réttin er upp við eina malarölduna og er ferhyrnd með op til austurs. Ekki er hægt að greina lambkróna þar sem réttin er mikið gróin. Hún er 17 m á lengd og 13 m á breidd. Hleðslur eru um 40 cm hár, sér í grjóti en mikið gróin.

Hættumat: Engin hætta

Jörð: Hofstaðir

Verkefnanúmer: 2552-016

Eldra Númer: BA-57: 005

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 342050 N: 565454


Staðhættir: "Í túninu upp af bænum er hæð og kallast Hesthúshóll; um 60 m norðan hans er smálægð. Þar í stendur brunnhús, og eru þar upptök Litlalæks." ¹⁸

Minjalýsing: Rúst brunnhússins er 3x2 m að stærð og er hún mikið samfallinn í læknum. Hún er um 50 40 cm á hæð og sér í grjóti úr húsinu.

Hættumat: Engin hætta.



Mynd 18. Rúst brunnhússins í Litlalæk



Teikning 6. Teikning af brunnhúsinu

Skálanes

Saga Skálaness

Skálanes Dýrleiki 16 hundruð. „En er Ketill gufa kom aftr, þá fór hann vestr fyrir Mýrar ok var inn fjórða vetr á Snæfellsnesi at Gufuskálum. Hann nam síðan Gufufjörð ok Skálanes til Kollafjarðar.“¹⁹ Um várit bjóst Sturla atfara í fjörðu vestr. Skyldi hann þá ljúka upp gerðum eftir því, sem mælt var með þeim Vatnsfirðingum. Þeir höfðu lagt fund á Skálanesi.“²⁰ [1238] Máldagi Gufudalskirkju. “Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskupwigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmarfirdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Galltargia. Klaufastaudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal.Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.”²¹[1446] Skrá um eignir Guðmundar Arasonar á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung. „oc med þessum ciiijkugilde [19 jarder]. J Gufudals kyrkiu sockn. Skalanes xxx. Klaufastader xij. Galltargia xij.Eyre xvj.”²²[1480] Samningur þeirra Þorleifs Björnssonar og Einars Björnssonar af einni álfu, en Rafns lögmans Brandssonar af annarri um mál Bjarna Þórarinssonar og þeirra bræðra Þorleifs og Einars, og gengur Rafn í borgan fyrir Bjarna að hann verði laus úr fangelsi og komi til næsta Öxarárþings. „...og landskylldirnar af jordum þeim sem hustru Olufu hafði tilheyrdt vestur fra Skálanesi og til Vijka.“²³[1509] Skrá og reikningsskapur Björns Guðnasona²⁴ um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá var andaður. „In primis j fystv. Briamslækur a bardastravnd med eingey lx c, fossa fiorvm c og xx hella segx c, hlid xvi c, anorsstader xx c, ravzdalur xx c, atta c sudur j skalanesi [1918] Stærð túns: 3.6 ha.Kálg. 618 fermetrar.

19 Ísl.sög. I., Landnámabók, bls. 100 „

20 Sturl.saga. II., Íslendinga saga, bls.191

21 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I. Bls. 522

22Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.IV., bls. 691

23 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn VI., bls. 249-50

24 .“ Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn VIII., bls. 267

Verkefnanúmer: 2552-017

Númer fyrri skráningar: BA-58:
012/1788-248

Jörð: Skálanes

Sérheiti: Kiðaberg

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 342990 N: 562832



Mynd 19. Kiðaberg. Á drónamynd sést upphækkun á sama stað og rúst er lýst árið 1973

Staðhættir: „Ofan götu, rétt utan við þar sem fyrst sér inn á Hofstaðahlíð, þegar komið er utan frá, er einstakt klettaberg, sem nefnt er Kiðaberg. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir að þar sé fornt eyðiból og að þar sjáist ljós merki byggðar, tóftir og túngarðaleifar, en byggð hafi ekki verið þar frá gamalli tíð.“²⁵ „Kidaberg. Fornt eyðiból hjer í landinu, milli Hofstaða og þessarar jarðar. Þar sjást ljós bygginga merki frá gamallri tíð. Ekki má hjer byggja því túnið er í hrjóstur og skóg komið. Þar með heyskapur enginn.“²⁶

Býlið var ranglega staðsett í skýrslu sem gerð var vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi sem kom út árið 2016.²⁷ Kom athugasend um það í bréfi frá Óskari Arnarsyni fornleifafæðing eftir að skýrsla kom út. Ábending Óskars var rétt og er því fyrri skráning á Kiðabergi hér með leiðrétt.

Árið 1974 fóru tveir fornleifafraeðinemar í leiðangur í vestur Barðastrandarsýslu þar sem þeir skoðuðu nokkra minjastaði og gerðu könnunarskurði í þá. Þar á meðal í hið meinta eyðibýli Kiðaberg. Þar segir:

„Liðlega 50 m vestan við björgunarskýlið Gróubúð, sem stendur við þjóðveginn í Gufufirði vestanverðum, er tóft sem okkur mældist vera 12 x 7 m að utanmáli. Þetta mun vera Kiðaberg[...] Nú voru öll vegsummerki mjög óljós og vandfundin nema með hjálp kunnugra. Í miðri rústinni gerðum við prófholu sem var 1 m á hvern veg. Þar komum við þegar niður á nokkra steina sem lágu ofan á viðarkolalagi. Þó lágu þeir svo óreglulega að ekki eru líkur á að um hleðslu sé að ræða, heldur hrun. Er við grófum dýpra, niður á 40 cm dýpi í einu horni holunnar, komu í ljós þrjú viðarkolalög í viðbót. Ekki var farið dýpra. Viðarkolalögin voru laus í sér og því fremur ólíklegt að þau hafi verið gólfskánir. Kannski er þetta aska sem hefur verið hreinsuð út úr eldstæði sem gæti hafa verið þarna nálægt. Þá þóttu okkur að fjöldi viðarkolalaga og moldin á milli þeirra benda til þess að ekki hafi verið búið þarna að staðaldri. Í einu horni prufuholunnar var rauðleitt gróft lag, e.t.v. Mýrarrauði. Lengra upp frá rústinni, þ.e. nær fjallinu fyrir ofan sést ennþá móta fyrir túngarði þeim sem nefndur er í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Túngarðurinn er all kjarri vaxinn.

²⁵ Örnefnaskrá Skálaness.

²⁶ Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi, , bls. 226.

²⁷ Náttúrustofa Vestfjarða. 2016. Fornleifaskráning vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi.

Fleiri mannvirki kunna að vera falin þarna í kjarrinu, þó að við höfum ekki séð þau vegna veðurs. Því rétt er að geta þess að allar þessar athuganir, einkum sú síðasta, urðu heldur endasleppar vegna kulda og hávaðaroks. - Einnig er rétt að geta þess að allar áttir og mælingar eru áætlaðar.²⁸

Minjalýsing: Á drónamynd má greina upphækkun sem virðist vera veggjabrot á sama stað og staðsetning rústarinnar frá 1974. Veggjarbrotið sem er gróið með víði er um 4-5 m á lengd og um 1 m á breidd. Líklega er þetta einn veggur rústarinnar. Ef býli hefur verið þarna er líklegt að eitthvað af húsum hafi farið undir veginn og flugvöllinn sem bæði voru gerð milli 1950-1960.

Hættumat: Mikil hætta

Jörð: Skálanes

Verkefnanúmer: 2552-018

Hlutverk: Túngarður


Tegund: Garðlag

Staðsetning: A:342246 N:562828

Staðhættir: Þegar loftmyndir eru skoðaðar má miklum vilja sjá upphækkun á kjarri ofan við Kiðabergið og þar sem rúst var skoðuð árið 1974. Mögulega er þetta garðlagið sem sást það ár og er minnst á í Jarðabók Árna og Páls.

Minjalýsing: Garðlagið sést ekki á vettvangi en er teiknað inn á loftmynd þar sem það virðist sjást. Garðlagið mælist 86 m á loftmynd og sést frá Klettunum í boga að útskoti sem er við veginn.

Hættumat: Engin hætta.



Mynd 20. Myndin sýnir hvar rústin sem grafin var 1974 er staðsett sem og túngarðurinn. Brúna lína er framkvæmdasvæðið við veginn.

²⁸ Guðmundur Ólafsson, Mjöll Snæsdóttir. 2011:7-8

Númer	Fjarlægð vegstæði	frá	Tillögur að mótvægisáðgerðum	Hnit	
2552-001	56 m		Engar	342097	565426
Hofstaðir					
2552-002	19 m		Merkja	342065	565402
Hofstaðir					
2552-003	35 m		Merkja	342076	565439
Hofstaðir					
2552-004	0 m		Leyfi hjá Minjastofnun	342073	565348
Hofstaðir					
2552-005	61 m		Engar	342135	565465
Hofstaðir					
2552-006	161 m		Engar	342144	565513
Hofstaðir					
2552-007	96 m		Engar	342140	565433
Hofstaðir					
2552-008	89 m		Engar	342123	565434
Hofstaðir					
2552-009	0 m		Leyfi hjá Minjastofnun	342157	565223
Hofstaðir					
2552-010	0 m		Leyfi hjá Minjastofnun	341970	565445
Hofstaðir					
2552-011	0 m		Leyfi hjá Minjastofnun. Uppgröftur/könnunarskurður ?	342177	563817
Hofstaðir					
2552-012	9 m		Merkja	342186	563844
Hofstaðir					
2552-013	6 m		Merkja	342151	563800
Hofstaðir					
2552-014	16 m		Merkja	342189	563758

Hofstaðir				
2552-015	60 m	Engar	342200	564924
Hofstaðir				
2552-016	40 m	Merkja	342050	565454
2552-017	20 m	Merkja	342990	562832
Skálanes				
2552-018	77 m	Engar	342246	562828
Skálanes				

Niðurstöður

Þær minjar sem eru í hættu í landi Hofstaða eru túngarðar sem þegar hefur verið raskað þegar vegur var lagður um 1950. Miðað við teikningar af framkvæmdum ætti ekki að raskast meira en 1 m af þeim í viðbót. Þetta eru garðar [2552-004][2552-010] einnig fer fylling inn á upphlaðin veg [2552-009] að Hofstöðum sem liggur frá þjóðveginum. Um tveir metrar af þeim vegi virðist fara undir fyllingu. Raskið er minniháttar. Leyfi Minjastofnunar þarf til rasks á þessum minjum.

Fornleifaskráning fór ekki fram vegna vegbóta á Gufudalsvegi áður en framkvæmdir hófust og er það miður. Þegar ábending barst um það og að framkvæmdir væru hafnar var brugðist hratt við og fornleifafræðingur sendur á svæðið.

Þegar vegur var lagður um Gufufjörð um 1950 var hann lagður yfir rústir sem tilheyrðu fornþýlinu Eilífsseli [2552-011] sem er í landi Hofstaða.

Greina má rústir eða rými alveg við veginn sem ekki fór undir vegagerð á sínum tíma. Þegar fornleifafræðingur kom á svæðið þann 18. 11.2020 var nýbúið að setja nýtt ræsi sunnan við rústahólinn og einnig var búið að taka jarðveg vestan við veginn og búið að setja vegfyllingu við rústina. Þó ekki nema sem svarar 1-2 m. Í samtali við verkstjóra á svæðinu er framkvæmdum lokið þarna nema „smá snyrting“ er eftir.

Stærð þess hluta rústarinnar sem virðist óröskuð er um 5x4 m. Svæðið var merkt og girt af til að hindra frekari röskun.

Ljóst er að meirihluti rústa af Eilífsseli eru undir veginum sem lagður var árið 1950. Framkvæmdir við vegbætur eru hafnar og verður ekki um frekara raska að ræða. Það er álit skýrsluhöfundar að alltaf sé leiðinlegt þegar minjar raskast við vegagerð eins og gerðist árið 1950 en ekki verður séð að heildaruppgröftur skili miklum upplýsingum sem réttlættu þann mikla kostnað við uppgröft, tafir við framkvæmdir, fjarlægingu núverandi vegar, endurhönnun og færsla nýs vegar myndu hafa í för með sér.

Möguleiki er að grafa þann hluta rústanna sem eru óraskaðir við vegrásina eða gera í hana könnunarskurð en það verður að meta út frá þeirri staðreynd að stór hluti minja sem tilheyrðu Eilífsseli hafa verið undir núverandi vegi síðan 1950. Ekki er vitað um ástand þeirra undir veginum eða hvort þeim var rutt út þegar vegurinn var gerður.

Í skýrslu sem gerð var árið 2016 af Náttúrustofu Vestfjarða²⁹ var býlið Kiðaberg ranglega staðsett af skýrsluhöfundi og er það lagfært í þessari skýrslu. Rústin, sem tilheyrir þessu býli, var rannsökuð af Guðmundi Ólafssyni og Mjöll Snæsdóttur árið 1974. Þá var gerð könnunarhola í rústina og hægt að staðsetja rústina í kjarrinu eftir lýsingum í skýrslunni frá 1974. Greinilega var um rúst að ræða en talið að ekki hafi verið hafist við í þeirri rúst að staðaldri.³⁰ Rúst [2552-012] þessi er 10 m frá ystu mörkum framkvæmda í dag og ólíklegt að hún verði fyrir áhrifum frá vegbreytingum sem standa yfir. Rústin er alveg yfirgróin af kjarri.

Framkvæmdir við Kiðaberg miðast við lagfæring á núverandi vegi með vegfyllingum. Breiðastar eru þær við Kiðabergið sjálft, sem bærinn var kenndur við, þar sem áður stóð flugskýli og ná 15 m frá veginum. Framkvæmdir standa yfir á svæðinu við Kiðaberg. [nóv2020]. Rústin sem grafið var í 1974 sleppur við skemmdir þó hún sé nálægt og túngarðruinn er ekki í hættu. Það er ekki hægt að sjá hvort fleiri minjar eru þarna fyrir kjarri og samkvæmt Jarðabók var svæðið þegar yfir gróið í byrjun 18. aldar. Stæsti hluti túnsins hefur farið undir veg og flugvöll um miðja síðustu öld.

Minjar við Melanestá eru í 300 m fjarlægð frá þeim stað þar sem unnið er við færslu Gufudalsvegar. Á því svæði mun nýr vegur verða lagður frá Bjarkalundi yfir á Melanesið eftir þverun Gufufjarðar. Þær eru því ekki í neinni hættu vegna veglagninga á Melanesi.

29 Náttúrustofa Vestfjarða. 2016. Fornleifaskráning vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi.

30 Guðmundur Ólafsson, Mjöll Snæsdóttir 2011:7

Ábending barst um að rúst [1788-521] sem skráð var árið 2016³¹ sem óþekkt og talið fornar hleðslur væri kartöflugarður frá miðri 20. öld. Það er leiðrétt hér með.

Benda verður á mikilvægi þess að minjar sem skráðar voru árið 2016³² við svokallaða Maríutröð [1788-252] [1788-253] [1788-254] verði vel afgirtar ef efnistaka á að fara fram í námu no:132.

31 Margrét Hallmundsdóttir 2016:145

32 Margrét Hallmundsdóttir 2016:145-146

HEIMILDASKRÁ

Hallbjörn Edvarð Oddsson. Ársrit sögufélags Ísfirðinga. 2 árg.1957: „*Ævisaga Hallbjörns Edvarðs Oddssonar*“ (bls.144-151) Sögufélag Ísfirðinga

Íslensk fornrit I. 1943. Íslendingabók og Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

1857–1876.Íslenskt fornbréfasafn, (Diplomatarium Islandicum), I. Bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

1909-1913. Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). IX. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). VI. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,1900-1904.

1903-1907. Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). VII. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

Guðmundur Ólafsson, Mjöll Snæsdóttir 2011. Leiðangur gerður í vestur Barðastrandarsýslu. Rannsóknir 1974. 4.

Guðrún Ásta Tryggvadóttir. 2003. Hofstaðir. Námsritgerð

http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/mulasel_hraunhreppi/ritgerd.htm. Sótt 28.11.2020

Íslensk fornrit XIII. 1941. Harðar saga, Bárðar saga, Þorskfirðinga saga, Flóamannasaga. Þórarins þáttur Nefjólfssonar, Þorsteins þáttur Uxafóts, Egils þáttur SíðuHallssonar, Orms þáttur Stórolfssonar, Þorsteins þáttur Tjaldstæðings, Þorsteins þáttur forvitna, Bergbúa þáttur, Kumlbúa þáttur, Stjörnu-Odda draumr. Þórhallur 31 Vilmundarsson og Bjarni Vilhjálmsson, gáfu út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1938. Dala- og Barðastrandarsýsla VI bindi. Hið íslenska Fræðafélag. Kaupmannahöfn.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.2016. *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkarlundi að Skálanesi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr.9-16.

Óútgefnar heimildir

Túnakort 1918: Túnakort fyrir Austur-Barðastrandasýslu frá því 1920. Þjóðskjalasafn


Hofstaðir túnakort

Skálanes Túnakort


KORT



Kort 1. Kort af minjum í túninu á Hofstöðum. Með teikningu af framkvæmdum á vegi.



Kort 2. Eilífssel í landi Hofstaða. Með teikningu af framkvæmdum á vegi.



Kort 3. Minjar við Kiðaberg.

